

42 Heimilt er að safna saman vöxtum fyrir fleiri ár í senn, og veita
24. júní meira fje í einu lagi.

4. gr.

Formaður sjóðstjórnarinnar semur reikning um tekjur og gjöld sjóðs-
 ins fyrir hvert almanaksár. Skal hann endurskoðaður af hinum kjörnu endur-
 skoðendum Sambandsins.

Reykjavík og Akureyri, í apríl 1924.

Ólafur Briem. S. Kristinsson. Vilhjálmur Þór.

43
27. júní

S A M Þ Y K T

um

breytingu á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. sept. 1903.

5. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hver sá, er vill reisa hús, breyta því eða gjöra önnur mannvirki á
 lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það.

Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing á öllu því, sem nauðsynlegt er til
 sönnunar þess, að verkið fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og þeim regl-
 um, sem settar eru. Beiðninni skulu og fylgja í tveim eintökum:

a. Uppdráttur af hinu fyrirhuguðu byggingu eftir mælikvarða að minsta
 kosti 1:100. Á uppdrætti af húsum skal draga grunnmyndir af öllum
 hæðum hússins ásamt kjallara, er sýnir einstök herbergi og til hvers þau
 skulu notuð, aðalhlíð hússins og þann gáfl, sem mest ber á, ef húsið er
 ekki í sambygðri húsaröð, svo og minst eina sneiðingu af húsinu, og skulu
 öll aðalmál rituð á uppdráttinn, svo og þykkt burðarveggja o. s. frv. Sje
 um annað mannvirki að ræða, skal uppdráttur glögglega sýna alla gerð,
 stærð og lögum þess, og við breytingu á húsi eða mannvirki skal uppdráttur
 sýna fyrirkomulagið fyrir og eftir breytinguna.

Sjeruppdrætti skal gjöra eftir mælikvarða að minsta kosti 1:20 af
 þeim hlutum húsa og mannvirkja, sem gerðir eru úr járnbentri steypu eða
 eru frábrugðnir almennri venju og skal fylgja glögg yfirlýsing og styrkleika-
 útreikningur.

b. Uppdráttur af lóð þeirri, sem byggja skal á, eftir mælikvarða að minsta
 kosti 1:500, er sýni afstöðu til gatna og nágrannalóða og þau mannvirki,

er reisa skal, svo og þau, sem fyrir eru á lóðinni og nágrannalóðum í minna en 15 metra fjarlægð í allar áttir. Flatarmál lóðar og húsa skal rita á uppdráttinn og skal hann enn fremur sýna, hvernig hagað er eða verði afrenslí frá húsi og lóð og vegi að húsi, standi það ekki við götu. 43
27. júní

Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins eftir metramáli, og rita glögglega við hvað uppdrættir eiga. Fylgi fleiri uppdrættir en einn sömu beiðni, skulu þeir tölusettir, og á hverjum uppdrætti skal markaður reitur 10×7 cm. til að rita í samþykki byggingarnefndar eða athugasemdir. Uppdráttar blöð skulu vera úr teikniljerefti eða sterkum hvítum pappír og að stærð 40×60 eða 60×80 cm.

Uppdrættir skulu gerðir af manni, sem byggingarnefnd tekur gildan fyrir kunnáttu sakir og sá er uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi.

Að fengnu leyfi byggingarnefndar skal rita samþykki hennar á öll uppdráttarblöðin og afhenda beiðanda annað eintakið gegn greiðslu gjaldsins fyrir byggingarleyfið.

Ekki má byrja á nýrri byggingu eða gjöra breytingu á eldri byggingu fyr en fengið er leyfi byggingarnefndar og byggingarfulltrúa tilkynt hver standi fyrir smíðinni, og skal það vera trjesmiður eða múrsmiður, sem fengið hefir viðurkenningu byggingarnefndar til að mega standa fyrir húsasmíð í Reykjavík, sem tekur að sjer smíði húss, skal láta *viðurkendan múrsmið sjá um alt múrsmíði*, og múrsmiður skal sömuleiðis hafa *viðurkendan trjesmið* við alt trjesmíði.

Viðurkenningu byggingarnefndar sem húsasmíðir fá þeir einir, sem hún telur til þess hæfa og hafa fengið sveinsbrjef í iðn sinni og unnið að minsta kosti tvö ár að húsasmíði eftir að þeir fengu sveinsbrjefið. Þó má veita þeim mönnum slíka viðurkenningu, sem síðastliðin tvö ár hafa verið húsasmíðir í Reykjavík, þótt ekki hafi þeir sveinsbrjef, ef byggingarnefndin telur þá hæfa til að standa fyrir húsasmíði. Byggingarnefndin getur afturkallað viðurkenningu húsasmíðs, sem þrjóskað er við að fara eftir fyrirmælum hennar, eða verður upplýst að broti á byggingarsamþykkt eða að sviksamlegu eða óvönduðu verki.

Húsasmíður sá, er stendur fyrir byggingu húss, skal sjá um, að eftirrit af uppdrætti þeim, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, sje jafnan við hendina og nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Áður en byrjað er að grafa fyrir undirstöðum húss eða mannvirkis skal húseigandi tilkynna það byggingarfulltrúa og lögreglustjóra samkvæmt fyrirmælum 22. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík 19. apríl 1919. Hann skal og skriflega tilkynna byggingarfulltrúa með að minsta kosti eins sólarhrings fyrirvara:

- a. hvenær byrjað er á undirstöðu, eða á breytingu húss,
- b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í vegg eða gólf,
- c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
- d. hvenær gólf verða lögð á bita, eða járn í járnþenta steypu.

Það er á ábyrgð húsasmíðs og húseiganda, að ekki sje í neinu vikið frá

43 samþykktum uppdrætti, nema fengið sje til þess skriflegti leyfi byggingarfulltrúa, eða byggingarnefndar og að fylgt sje ákvæðum byggingarsamþykta og lögreglusamþykta um framkvæmd húsasmíðis.

27. júní Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. sept. 1901, um breytingu á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, til að öðlast gildi 1. júlí 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

44
27. júní

REGLUGJÖRÐ

um

störf lóðaskrárritarans í Reykjavík.

1. gr.

Bæjarstjórn skipar lóðarskrárritara til þess, að leysa úr sjerhverju því atriði, sem upp kann að koma viðvíkjandi línu- og flatarmáli lóða og húsa í landi bæjarins, eins og það nú er og framvegis kann að verða. Er hann skyldugur að leysa af hendi þau verk, er koma undir starfsvið hans, hvort heldur er fyrir bæinn eða einstaklinga.

2. gr.

Lóðarskrárritari á, þegar borgarstjóri krefst þess, að mæla út stefnur gatna og vega. Hann á ennfremur þegar þess er krafist, að láta byggingarnefnd eða bæjarstjórn í tje, allar upplýsingar um mörk lóða, eignarheimildir, kvaðir og afstöðu til gatna og nágrennahúsa.

3. gr.

Lóðaskrárritari á að halda hina lögboðnu lóðaskrá. Í hana á þegar merkjasetningu lóða er lokið, smám saman að færa inn allar lóðir með fram-